

# Samkeppni og fiskvinnsla

– er vitlaust gefið?

Aðalfundur SFÚ 2011



Að sigra heiminn er eins og að spila á spil með spekingslegum svip og taka í nefið.

(Og allt með glöðu geði er gjarna sett að veði).

Og þótt þú tapir, það gerir ekkert til, því það er nefnilega vitlaust gefið.

Yfirskrift þessa fundar er Samkeppni og fiskvinnsla – er vitlaust gefið? Einfalda svarið við þeirri spurningu er í huga Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda Já. En þó Steinn Steinar hafi metið það léttvægt að tapa vegna þess að vitlaust væri gefið þá er það ekki svo í fiskvinnslu. Það er graf alvarleg staða!

Aðalfundur SFÚ 2011

Það er samkeppnismismunur í greininni

- Lagaumhverfið ýtir undir mismununina – Lögin eru sett af Alþingi
- Verð í beinum viðskiptum er umtalsvert lægra en markaðsverð.
- Aflaheimildir sem njóta ákveðins einkaleyfis og verndar stjórnvalda eru nýttar til að niðurgreiða hráefni í samkeppnisumhverfi.
- Til tjóns fyrir fiskvinnsluna, sjómenn, ríki og sveitarfélög



Samkeppnismismun er til staðar í fiskvinnslu, má hana að mestu rekja til þess galna lagaumhverfis sem greininni er búið. Leikreglurnar sem settar eru af Alþingi eru rangar – Alþingi heldur á spilastokknum það er þeirra að stokka spilin og gefa rétt. Þar hafa þingmenn okkar allra brugðist, til tjóns fyrir þá aðila sem kaupa sitt hráefni til fiskvinnslu af mörkuðum, til tjóns fyrir sjómenn, til tjóns fyrir ríki og sveitarfélög.

Samkeppniseftirlitið er vissulega sú stofnun sem á að taka á málunum og hafa eftirlit en spurningin er hins vegar hvort starfsmenn stofnunarinnar hafi kjark og þor til að taka á málum sjávarútvegsins. Svo hefur ekki verið hingað til en vonandi hafa menn vaknað til lífsins þar á bæ ekki síst eftir að rannsóknarskýrsla Alþingis var gefin út þar sem skýrt kom fram að eftirlitsaðilar brugðust. En sú ritroð er nú orðin gömul og rykfallin og sjálfsagt allir búnir að gleyma henni.

## Aðalfundur SFÚ 2011

### Samkeppniseftirlitið

•Hefur til umfjöllunar tvö erindi frá SFÚ

•SFÚ telja að lög nr. 116/2006 um fiskveiðistjórnun og lög nr. 13/1998 um verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna vegi beint og óbeint að stjórnarskrárvörðum rétti félagsmanna um jafnræði og atvinnufrelsi þegnanna sbr. 65. gr. og 75. gr. laga nr. 33/1944 ásamt því að leiða til óeðlilegrar samkeppnismismununar í fiskvinnslu sem sé andstætt tilgangi samkeppnislaga nr. 44/2005.



SFÚ sendi nú á vordögum tvö erindi til Samkeppniseftirlitsins og reynir nú á hvort menn þar hafi vaknað af værum blundi.

Fyrri erindið varðar opinberar samkeppnishömlur í skjóli laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna er leiða til samkeppnislegrar mismununar að mati SFÚ.

SFÚ telja að lög nr. 116/2006 um fiskveiðistjórnun og lög nr. 13/1998 um verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna vegi beint og óbeint að stjórnarskrárvörðum rétti félagsmanna um jafnræði og atvinnufrelsi þegnanna sbr. 65. gr. og 75. gr. laga nr. 33/1944 ásamt því að leiða til óeðlilegrar samkeppnismismununar í fiskvinnslu sem sé andstætt tilgangi samkeppnislaga nr. 44/2005.

Snúa aðfinnslur SFÚ að sem sagt að fylgifiskum þess lögbundna stjórnkerfis sem komið hefur verið á og leitt hefur til mismununar milli aðila sem stunda fiskvinnslu í landinu. Það er því, að lög um fiskveiðistjórnun veiti þeim aðilum sem hafa á höndum hvort tveggja, útgerð og fiskvinnslu, forgang að hráefni til vinnslu í eigin fiskverkunum en það sem er enn alvarlegra og vegur þyngra í samkeppnismismununinni er lög um verðlagsstofu skiptaverðs sem heimila að þeir aðilar sem kaupi hráefni af sjálfum sér geti við uppgjör milli veiða og vinnslu miðað við verð sem er umtalsvert lægra en markaðsverð á hráefni. Telja SFÚ að í þessum heimildum felist opinberar samkeppnishömlur.

SFÚ hefur frá stofnun samtakanna fyrir 17 árum síðan ítrekar reynt að koma ábendingum um meinta ágalla á löggjöfinni til ráðuneytisins án þess að umkvörtunarefnið hafi verið tekið til greina. Kannski skilja menn þar á bæ ekki um hvað málið snýst eða hvaða hagsmunir eru þarna í húfi fyrir fiskvinnsluna en kannski ekki síst hið opinbera, ríki og sveitafélög.

Til að einfalda málið og sýna um hvað fyrra erindið snýst tek ég hér örlítið tilbúið dæmi. Þær aflheimildir sem ég reikna með eru þó áþekkar því sem gerist hjá stærri útgerðarfyrirtækjum landsins. Í þessu dæmi miðað ég við meðalverð janúar til ágúst 2011 á slægðu hráefni og eru verðin fengin af vef verðlagsstofu.

## Aðalfundur SFÚ 2011

### Tilbúið reikningsdæmi – þó raunhæft

|  | Magn í tonnum | Verð á markaði | verð í beinum viðskiptum | Heildar markaðsverð | Heildar innkaupsverð bein viðskipti | Mismunur / samkeppnislegt forskot |
|--|---------------|----------------|--------------------------|---------------------|-------------------------------------|-----------------------------------|
| Þorskur  | 7000          | 350,11         | 266,22                   | 2.450.770.000,00    | 1.863.540.000,00                    | 587.230.000,00                    |
| Ýsa  | 1450          | 262,22         | 191,16                   | 380.219.000,00      | 277.182.000,00                      | 103.037.000,00                    |
| Ufsi   | 1800          | 206,4          | 128,86                   | 371.520.000,00      | 231.948.000,00                      | 139.572.000,00                    |
| Gullkarfi  | 4000          | 229,28         | 185,1                    | 917.120.000,00      | 740.400.000,00                      | 176.720.000,00                    |
| Steinbitur   | 300           | 273,15         | 261,97                   | 81.945.000,00       | 78.591.000,00                       | 3.354.000,00                      |
| Gráldóa  | 1400          | 452,04         | 467,2                    | 632.856.000,00      | 654.080.000,00                      | -21.224.000,00                    |
| Skarkoli   | 233           | 236,4          | 187,73                   | 55.081.200,00       | 43.741.090,00                       | 11.340.110,00                     |
| Samkeppnislegt forskot á ári   |               |                |                          |                     |                                     | 1.000.029.110,00                  |
| Samkeppnislegt forskot hvern vinnsludag, miðað við 250 vinnsludaga á ári |               |                |                          |                     |                                     | 4.000.116,44                      |
| Samkeppnislegt forskot á hvern starfsmann miðað við 150 manna vinnslu.   |               |                |                          |                     |                                     | 26.667,44                         |



Það má því segja að vinnsla sem er að kaupa hráefni af eigin útgerð fái niðurgreiðslu í skjóli núverandi lagaumhverfis sem nemur vinnulaunum í vinnslunni og ríflega það hvern einasta vinnsludag. Það er því kannski engin furða að fyrirtæki í þessari stöðu geti svo skreytt og mært sjálft sig fyrir hver jól er það greiðir út jólabónus á hvern starfsmann sem nemur fjögurra til 6 daga niðurgreiðslu. Hinir 244 dagarnir fara í vasa fyrirtækisins.

En hvað svo? Skiptir þetta einhverju máli? Er þetta ekki bara sama fyrirtækið og jafnast þetta ekki út á endanum?

Í sinni einföldustu mynd má kannski segja það ef við lítum framhjá nokkrum smáatriðum sem ég kem inná síðar.

En í þessu dæmi er útgerðin að sýna 1 milljarði lakari afkomu en útgerðin ætti að gera, og ég bendi á að afkoma útgerðarinnar er síðan notuð sem mælikvarði á það hvað útgerðin getur greitt í auðlindagjöld fyrir afnot af auðlindinni, þar með er þetta farið að koma við pyngjuna hjá ríkissjóði ekki satt? En hvar er milljarðurinn tekinn út. Það er hægt að setja myndina upp svona

### Aðalfundur SFÚ 2011

Tilbúið reikningsdæmi – þó raunhæft



En svo má líka kaupa erlent fyrirtæki sem er kaupandi afurða úr vinnslunni og greiðir skatta og skyldur í erlendu ríki. Þá gæti dæmið litið út svona:

## Aðalfundur SFÚ 2011

Tilbúið reikningsdæmi – þó raunhæft



Þar með er sjávarútvegurinn í heild sinni farinn að sýna 1 milljarði lakari afkomu hér innanlands en hann ætti með réttu að gera og útflutningsverðmætið því í raun lækkað um 1 milljarð.

Nú svo gæti dæmið í sinni ýktustu mynd líka litið út svona:

## Aðalfundur SFÚ 2011

Tilbúið reikningsdæmi – þó raunhæft



Hver veit?

En hver tapar á þessu öllu saman?

Ef við tökum nú útgerð A og útgerð B. Þær eru nákvæmlega eins, með sömu áhöfn sömu aflaheimildir og í dæminu hér að ofan. Allt nákvæmlega eins nema það að útgerð A selur á markaði en útgerð B selur eigin vinnslu á verðlagsstofuverði.

## Aðalfundur SFÚ 2011

### Tilbúið reikningsdæmi – þó raunhæft

|            | Magn í tonnum | Verð á markaði | verð í beinum viðskiptum | Útgerð A Heildar markaðsverð | Útgerð B Heildar inkaupsverð bein viðskipti | Mismunur / samkeppnislegt forskot |
|------------|---------------|----------------|--------------------------|------------------------------|---|-----------------------------------|
| Þorskur    | 7000          | 350,11         | 266,22                   | 2.450.770.000,00             | 1.863.540.000,00                            | 587.230.000,00                    |
| Ýsa        | 1450          | 262,22         | 191,16                   | 380.219.000,00               | 277.182.000,00                              | 103.037.000,00                    |
| Úfsi       | 1800          | 206,4          | 128,86                   | 371.520.000,00               | 231.948.000,00                              | 139.572.000,00                    |
| Gullkarfi  | 4000          | 229,28         | 185,1                    | 917.120.000,00               | 740.400.000,00                              | 176.720.000,00                    |
| Steinbitur | 300           | 273,15         | 261,97                   | 81.945.000,00                | 78.591.000,00                               | 3.354.000,00                      |
| Grálúða    | 1400          | 452,04         | 467,2                    | 632.856.000,00               | 654.080.000,00                              | -21.224.000,00                    |
| Skarkoli   | 233           | 236,4          | 187,73                   | 55.081.200,00                | 43.741.090,00                               | 11.340.110,00                     |
| Samtals    |               |                |                          | 4.889.511.200,00             | 3.889.482.090,00                            | 1.000.029.110,00                  |



Mismunurinn á þessum tveimur útgerðum er þessi sami eini milljarður. En hver græðir og hver er hlunnfarinn?

## Aðalfundur SFÚ 2011

### Tilbúið reikningsdæmi – þó raunhæft

|                | Útgerð A    | Útgerð B    | Sparnaður útgerðar B |
|----------------|-------------|-------------|----------------------|
| Hafnargjöld 3% | 146.685.336 | 116.684.462 | 30.000.873           |



Í þessu dæmi er mismunur á innkaupsverði í beinum viðskiptum og markaðsverði  
1.000.029.110

Hafnargjöld eru greidd miðuð við aflaverðmæti (sjá 17. Gr. laga nr. 61/2003) og eru að  
lágmarki 1,25% og að hámarki 3% af aflaverðmæti. (Önnur gjöld eru miðuð við tonn eða  
dag.)

Af milljarðinum sparast því um 30 milljónir með því að selja sjálfum sér á lágmarksverði.  
Hafnargjöldin eru því ekki að skila sér og einhver tapar á því ekki satt?

### Aðalfundur SFÚ 2011

Tilbúið reikningsdæmi – þó raunhæft

|                    | Útgerð A      | Útgerð B      | Sparnaður útgerðar B |
|--------------------|---------------|---------------|----------------------|
| Launakostnaður 40% | 1.955.804.480 | 1.555.792.836 | 400.011.644          |

Heildarsparnaður útgerðar B: **430 milljónir**



Almennt hefur verið talað um að launakostnaður og launatengd gjöld séu um 40% af  
brúttóverðmæti þessi tala getur verið hærri og einnig lægri eftir útgerðarformi. Skv.  
Sjómannasamtökunum.

Af milljarðinum sparar útgert B sér þar með um 400 milljónir í launakostnað með því að  
selja sjálfum sér á lágmarksverði. Sjómennirnir fá ekki sömu laun fyrir sömu vinnu eftir  
því hvort þeir eru í vinnu fyrir útgerð A eða B. Sjómenn eru þar með hlunnfarnir um 400  
milljónir í launum og ríki og sveitarfélög hlunnfarnir um 46,21% af þessari upphæð að því  
gefnu að sjómennirnir séu í hæsta skattþrepi sem ekki er ólíklegt miðað við laun  
sjómanna almennt.

## Aðalfundur SFÚ 2011

Tilbúið reikningsdæmi – þó raunhæft

|                   | <b>Tap ríkis og sveitafélaga</b> |
|-------------------|----------------------------------|
| Hafnargjöld       | 30.000.873                       |
| skattur og útsvar | 184.845.380                      |
| Samtals           | <b>214.846.253</b>               |



Ríki og sveitarfélög eru því að tapa í hafnargjöldum 30 milljónum og í sköttum og útsvari af launum sjómanna tæpum 185 milljónum eða samtals tæpum 215 milljónum.

Það er ekki hægt að segja að fyrirtækið hagnist á móti og greið skatt til ríkisins því eins og ég sýndi framá áðan er hægt að flytja þennan hagnað úr landi fyrir utan að mörg útgerðarfyrirtæki eru rekin á þann hátt að þau skila ekki hagnaði.

Fyrirtækið er því raunverulega að hagnast um 430 milljónir í það minnsta á þennan hátt.

En við skulum ekki líta framhjá því að þau eru að hagnast löglega. Leikreglurnar sem alþingi setur eru einfaldlega það sem er rangt í dæminu.

En samkeppnislega mismununin felst akkúrat í þessum 430 milljónum sem fyrirtækið hefur fengið gratis í sinn vasa með hjálp lélegs regluverks.

Hvað getur fyrirtækið svo gert með þessar 430 milljónir? Svona fyrir utan að kaupa sér þylu, pizzustað eða þokkalegt bílaumboð.



## Aðalfundur SFÚ 2011

Tilbúið reikningsdæmi – þó raunhæft

|              |       |   |
|--------------|-------|---|
| Þoskur sl.   | 1.000 | tonn á 430 kr/kg. 80 kr yfir markaðsverði |
| Þorskhnakkar | 2.000 | tonn undirboðið um 215 kr.                |



Jú, það getur nýtt þessar 430 milljónir til að skapa sér yfirburðarstöðu á fiskmörkuðum með því að halda verði háu þar, eða farið á erlenda markaði fyrir fullunnar vörur og stundað undirboð þar. Þessi fyrirtæki geta því smátt og smátt í skjóli stjórnvalda bolað öðrum aðilum sem ekki stunda útgerð samhliða fiskvinnslu út af markaði.

Ég held að allir hér inni skilji um hvað þetta fyrra erindi okkar til samkeppniseftirlitsins snýst um en óljóst er hvort stjórnvaldamenn eða Samkeppniseftirlitið sjálf átti sig á þessu eða því að það gilda sömu lögmál í sjávarútvegnum og í öllum öðrum greinum.

Síðara erindi okkar til samkeppniseftirlitsins snéri að ákveðnum nafngreindum fyrirtækjum sem við teljum að stundi akkúrat þetta, þ.e. að nýta þessa yfirburðastöðu á markaði til þess að bola öðrum af markaði með yfirboðum á hráefni og undirboðum á fullunni vöru. Með öðrum orðum erindið varðar misnotkun upptalinna fyrirtækja hverju og einu eða með samstilltum aðgerðum, á markaðsráðandi stöðu sinni á fiskmörkuðum.

Samkeppniseftirlitið hefur tækifæri til að gera úrbætur. Þeir hafa heimildir til þess. Í því samhengi ber skulum við líta á hvaða hlutverk samkeppniseftirlitið hefur. En í 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 segir m.a.

## Aðalfundur SFÚ 2011

### Samkeppniseftirlitið - hlutverk

8. gr. Hlutverk Samkeppniseftirlitsins er sem hér segir:

c. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði,



**8. gr. Hlutverk Samkeppniseftirlitsins er sem hér segir:**

**c. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði,**

Og í 14. gr. sömu laga segir:

## Aðalfundur SFÚ 2011

### Samkeppniseftirlitið - heimildir

14. gr. Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.



**14. gr.** Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.

Þetta er ekkert flókið og tekur akkúrat á þessu atriði sem hér hefur verið til umfjöllunar.

Útgerðarhluti fyrirtækjanna nýtur einkaleyfis eða verndar í úthlutun aflaheimilda sem úthlutað er af ráðuneytinu til þröngs lokaðs hóps á meðan fiskvinnslan er í fullkomlega frjálsri samkeppni.

### Aðalfundur SFÚ 2011

Allan fisk á markað!

- Heildar framboð hráfnis breytist ekki
- Heildar eftirspurn eftir hráefni breytist ekki
- Þeir sem eru hæfastir til að sinna fiskvinnslu og geta selt fullunnar vörur á hæstu verðum bjóða besta verðið í aflann



Það hefur verið baráttumál SFÚ frá því samtökin voru stofnum að allur fiskur ætti að vera boðinn upp á opnum fiskmörkuðum. Slíkt er eina leiðin til að verðmyndun á fiski verði eðlileg. Úrtöllumenn hafa sagt að með auknu framboði á fiski á markaði muni verðið hrynja. Það er einfaldlega rangt. Slíkt myndi einungis gerast ef við værum að auka heildarmagnið sem veitt væri en með því að setja allan fisk á markað værum við ekki að breyta neinum framboðs eða eftirspurnarbreytum. Það eina sem gerist er að þeir sem eru hæfastir til að stunda fiskvinnslu og geta selt á hæstu verðum á erlendum mörkuðum eru þeir sem geta boðið besta verð í hráefnið. Sjómenn fengju þar með hæstu möguleg laun, ríki og sveitarfélög fengju hæstu mögulegar tekjur og útflutningsverðmæti sjávarafurða yrði hæsta mögulega verðmæti. Já og útgerðin færi að sýna hæstu mögulegu arðsemi – réttar tölur.

## Aðalfundur SFÚ 2011

Allan fisk á markað!

- Verður ekki gert í einu skrefi
- Að taka upp markaðsverð í beinum viðskiptum er mögulegt strax
- Byrja á því að skylda strandveiðiafla og ívilnunarafli strax inn á fiskmarkaði
  
- Byggðakvóti og ýmsar pólitískar “smáredningar” draga afla út af mörkuðum og skekkja myndina



Að skylda allan fisk inn á opinn fiskmarkað verður þó ekki gert í einu skrefi. Fyrirtæki þurfa aðlögun að breytingunum, því þyrfti að gera svona breytingar skref fyrir skref. Þó vissulega væri strax hægt að láta markaðsverð ráða í beinum viðskiptum með fisk.

Fyrstu skrefin sem hægt væri að taka væru þau að skilyrða t.d. að allur strandveiðiafli verði seldur í gegnum fiskmarkaði. Allar ívilnanir s.s. línuívilnanir yrðu skyldaðar inn á fiskmarkað.

Síðan er það blessaður byggðakvótinn. Byggðakvótinn fjölgar ekki fiskunum í sjónum það er einfaldlega verið að taka aflaheimildir af einu byggðalagi og færa það öðru, það sem meira er þá er með þessum aðgerðum oftast en ekki verið að þvinga hráefni af fiskmörkuðum í bein viðskipti þar sem kvaðir eru á meðferð byggðakvóta, þ.e. að það komi tonn á móti tonni og hann sé unninn í byggðalaginu. Hafa menn síðan notað ýmsar leiðir til að fara framhjá þessu ákvæði þar sem engar kvaðir eru um það að fullvinna þurfi aflann í byggðalaginu, þekkjast því dæmi um það að afli hafi einungis verið hauseður í byggðalaginu og síðan fluttur annað í vinnslu. Byggðakvótinn er því dálítið eins og að pissa í skóinn sinn og miklu réttara að nota önnur úrræði til að styrkja byggðir en að færa aflaheimildir handvirkt frá einu byggðalagi í annað. Þar sem eitt byggðalag er veikt til að styrkja annað.

## Aðalfundur SFÚ 2011

SFÚ færði íslenskar sjávarafurðir úr fangafæði inn í stórmarkaði.

- Það ríkti einokunaraðstaða um sölu sjávarafurða
- Til að fá undanþágu frá einokunarsölnunni þurfti að sýna fram á 20-25% hærra verð
- Fyrirtæki SFÚ voru frumkvöðlar í því að vinna dýrustu markaðina

**Aukin framlegð í sjávarútvegi er ekki síst því að þakka að afurðir eru nú seldar í stórmörkuðum í stað þess að vera að uppistöðu til fangafæði**



Fyrirtæki innan SFÚ eru þau fyrirtæki sem alla jafna eru að skila hæstu mögulegum útflutningstekjum. Mörg af fyrirtækjum SFÚ voru stofnuð er hér ríkti einokunaraðstaða með sölu á sjávarafurðum. Til að fá undanþágu eða leyfi til að flytja út þurftu fyrirtæki að sýna fram á að þau gætu selt afurðir á 20-25% hærra verði en fékkst fyrir afurðir eftir hefðbundnum einokunarleiðum. Til þess að ná hæstu verðum þurfti að finna nýja og dýrari markaði, fóru menn að gera tilraunir með að flytja ferskan fisk úr landi og þakka afurðum í smærri og dýrari þakningar beint inn á stórmarkaði í stað þess að blokkarfrysta allar afurðir sem stílaðar voru fyrst og fremst inn á mötuneyti og fangelsi. Það má því segja að fyrirtæki SFÚ hafi verið frumkvöðlar í þessari vinnu og það megi ekki síður þakka þeim þá framlegðaraukningu sem orðið hefur í sjávarútvegi – það er því bábilja sem haldið hefur verið fram að það hafi einungis verið kvótakerfið og framsalið hafi orðið til þessara hagsbóta.

Hér hef ég einungis tæpt á stóru málunum, ég gæti sjálfsagt haldið hér áfram næsta klukkutímamann í það minnsta, en ætli sé ekki rétt að hleypa fleirum að?

## Aðalfundur SFÚ 2011

### Niðurstaða

Lagaumhverfi greinarinnar stuðlar að samkeppnislegri mismunum

## Það er kolvitlaust gefið!



Niðurstaða þess sem ég hef fjallað um hér í dag er að það er víða pottur brotinn í því lagaumhverfi sem greinin býr við í dag. Það er veruleg samkeppnisleg mismunum sem viðgengst í skjóli laga og stjórnvaldsákvarðana í greininni. Þessu er þó einfalt að breyta það eina sem þarf til er kjarkur og þor til þess að gera breytingar í átt að jafnræði og réttlæti. Það er fyrir löngu kominn tími til að Samkeppniseftirlitið vakni úr einokunardvalanum og fari að sinna því hlutverki sem því var ætlað og fari að skoða sjávarútveginn í heild sinni. Eins þurfa stjórnámálamenn að fara að sinna því sem þeir voru kosnir til – að sinna hagsmunagæslu fyrir þjóðfélagið í heild sinni í stað hagsmunagæslu fárra útvalinna aðila.

## Aðalfundur SFÚ 2011

### KÆRI ÞINGMAÐUR

## Ert þú maður eða mús?



Spurningin er einfaldlega sú. Eru íslenskir stjórnámálmenn menn eða mýs? Þeir hafa spilastokkinn, þeir geta stokkað spilin og gefið upp á nýtt. Ég vonast til að þeir hafi vit og rænu til að gefa þá rétt í næsta skipti. Annað er einfaldlega of dýrt fyrir samfélagið í heild sinni.

Það er vitlaust gefið!